



MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um markaði fyrir sýndareignir / FJR24040017
Ráðuneyti	Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa fjármálamarkaðar
Stig mats	☒ Frummat, sbr. 1. gr. ☐ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	6. ágúst 2024

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifabáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifabættir á fjárhag ríkissjóðs.**

Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir teljandi áhrifum á fjárhag ríkisins. Lagasetningin kann þó að leiða til aukinna útgjalda hjá Fjármálaeftirlitinu sökum aukins eftirlits með mörkuðum fyrir sýndareignir. Þau útgjöld eru þó minniháttar en gætu falið í sér viðbótar stöðugildi hjá Fjármálaeftirlitinu og þar með breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

2. **Tekjubreytingar.**

Ekki er gert ráð fyrir tekjubreytingum á tekjur ríkisins. Sem fyrr segir gæti þó áformað frumvarp falið í sér breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

3. **Útgjaldabreytingar.**

Ekki er á þessu stigi gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins auki útgjöld ríkisins.

4. **Eignabreytingar.**

Ekki er gert ráð fyrir því að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á eignir ríkisins.

5. **Aðrir áhrifabættir varðandi ríkisfjármál.**

Nei.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:**

Á ekki við.

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks, t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**

Á ekki við.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**

Á ekki við.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið.**

Innleiðing MiCA reglugerðarinnar mun setja skýrari ramma utan um hvers kyns viðskipti, útgáfu og annað sem snýr að sýndareignum innanlands og viðskipti milli landa. Áhrif aukinnar reglusetningar í kjölfar innleiðingar á MiCA reglugerðinni verða því jákvæð út af fyrir sig og

má þar t.d. nefna aukna neytendavernd í því sambandi. Nokkur óvissa ríkir hins vegar um áhrif af auknu umfangi á viðskiptum með sýndareignir á innlendan fjármálamarkað. Þessi áhrif verða í sjálfu sér óháð innleiðingu MiCA reglugerðarinnar en reglurnar ættu að draga úr líkum á neikvæðum áhrifum. Fjárfesting í sýndareignum sem eru ekki með neina beina tengingu við aðrar hefðbundnar eignir eins og t.d. stöðugleikamyntir (e.stablecoins) verða ávallt mjög áhættusamar og mikið áhættusamari en t.d. kaup á hlutabréfum eða skuldabréfum. Í því ljósi er líklegast að hvorki almenningur né fyrirtæki setji stóran hluta eigna sinna í sýndareignir. Þess vegna má ætla að möguleg áhrif á innlendan fjármálamarkað verði verulega takmörkuð. Ísland er hins vegar fámennnt land og því viðkvæmara fyrir því að hjarðhegðun skjóti upp kollinum. Það er því ekki loku fyrir það skotið að aðstæður gætu komið upp þar sem t.d. verðhækkun á sýndareignum lokki marga til sín sem síðar leiði til víðtækrar hjarðhegðunar. Ef þetta gerist gæti áhrifin af tilvist sýndareigna orðið haft einhver áhrif á innlendan fjármálamarkað.

2. Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur, sbr. lög nr. 27/1999?

Lagt er til að reglugerð (ESB) 2023/1114 verði innleidd í íslenskan rétt með tilvísunaraðferð og þá að fullu innleidd samkvæmt orðanna hljóðan í samræmi við a-lið 7. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið. Lagasetningin mun leiða til aukinnar krafna gagnvart fyrirtækjum sem hafa umsýslu með sýndareignir og þar með aukinn kostnað. Þá gæti lagasetningin gæti haft í för með sér breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999. Fjármálaeftirlitið mun hafa eftirlit með því að farið sé að lögunum, enda fer það almennt með eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998. Ekki hefur verið leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur.

3. Samkeppnisskilyrði.

Ekki er talið að lagasetningin hafi teljandi áhrif á samkeppnisskilyrði fyrir þá aðila sem hafa umsýslu með sýndareignir gagnvart sambærilegum aðilum annarsstaðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Áhrifin gætu þó haft neikvæð samkeppnisáhrif ef lagasetningin mun ekki verða að veruleika þar sem ólíkt regluverk myndi gilda hér á landi en annarsstaðar í Evrópu varðandi markaði fyrir sýndareignir.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á fjárhag sveitarfélaga.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).

Áhrif á frelsi til að veita þjónustu með sýndareignir verða jákvæð með samræmdu regluverki á Evrópska efnahagssvæðinu um markaði fyrir sýndareignir.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.

Á ekki við.

4. Áhrif á byggðalög.

Á ekki við.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.

Á ekki við.

6. Áhrif á jafnrétti kynjanna.

Ekki er gert ráð fyrir áhrifum á jafnrétti kynjanna.

7. Áhrif á lýðheilsu.

Á ekki við.

8. Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.

Samræmt regluverk um markaði fyrir sýndareignir leiðir til skýrara lagaumhverfis, leitt til meiri tækifæra í viðskiptum með sýndareignir og getur haft jákvæð áhrif á nýsköpun.

9. Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

Norðurlöndin munu taka upp samræmt regluverk um markaði fyrir sýndareignir og mun greiða fyrir betri markaði um sýndareignir.

10. Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.

Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með framkvæmd laganna og er hún í stakk búin til að takast á við verkefnið. Sem fyrr segir gæti lagasetningin krafist viðbótar stöðugildis hjá Fjármálaeftirlitinu sökum aukinnar vinnu og þar með breytingu á lögum um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og skilavald, nr. 99/1999.

11. Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélags hópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.

Á ekki við.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Á ekki við.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Ekki er gert ráð fyrir teljandi áhrifum á fjárhag ríkisins.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Nei.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Lagasetningin hefur jákvæð áhrif á einstaklinga í formi neytendaverndar ásamt skýrara og samræmdara regluverki um markaði fyrir sýndareignir. Þá samræmist innleiðingin skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?